

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1812**

2022/EES/26/11

frá 1. desember 2020

**um að setja reglur um gagnaskipti á Netinu og um tilkynningu um ESB-gerðarviðurkenningar
samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 er gerð sú krafa að frá og með 1. september 2022 skuli aðildarríkin nota sameiginlegt öruggt kerfi til rafrænna upplýsingaskipta til að veita almenningi aðgang að skrá yfir þær ESB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem þau hafa veitt, breytt, synjað eða afturkallað, sem og skrá yfir tækniþjónustur sem hafa framkvæmt prófin fyrir hlutaðeigandi ESB-gerðarviðurkenningar.
- 2) Í 27. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 er gerð sú krafa að viðurkenningaryfirvöld noti sama kerfi til að veita viðurkenningaryfirvöldum í hinum aðildarríkjunum, markaðseftirlitsyfirvöldum og framkvæmdastjórninni aðgang að tilteknum skjölum varðandi ESB-gerðarviðurkenningar sem og til að upplýsa viðurkenningaryfirvöld í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnina um synjun eða afturköllun á ESB-gerðarviðurkenningu og ástæðunum fyrir því.
- 3) Evrópska upplýsingaskiptakerfið vegna gerðarviðurkenninga („ETAES-kerfið“) er notkunarhugbúnaður, aðgengilegur á Netinu, sem aðildarríkin hafa þróað til þess að aðstoða ESB-gerðarviðurkenningaryfirvöld við að uppfylla í reynd kröfur um upplýsingaskipti, sem mælt er fyrir um í gerðum Sambandsins, með því að koma á miðlægi boðskiptaleið til að auðvelda skipti yfir landamæri á afritum af ESB-gerðarviðurkenningavottorðum ásamt fylgiskjólum þeirra. Undir forsjá efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu hefur sambærilegu kerfi verið komið á fót, þ.e. gagnagrunnur fyrir skipti á gögnum og upplýsingum um gerðarviðurkenningar (DETA). Því er viðeigandi að tilnefna ETAES-kerfið sem sameiginlega örugga kerfið til rafrænna upplýsingaskipta sem um getur í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.
- 4) Til að varðveita trúnaðargögn ætti að mæla fyrir um kröfur um aðgengi að ETAES-kerfinu og um notkun öruggra samskiptareglna um gagnaskipti.
- 5) Til að gera ETAES-kerfið að leitarbærum gagnagrunni á Netinu ætti að mæla fyrir um kröfur um upphal þeirra ESB-gerðarviðurkenningarskjala sem um getur í 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.
- 6) Til að auðveldara sé að koma á mismunandi aðgangsréttindum að ETAES-kerfinu ættu viðurkenningaryfirvöld að hala upp þeim skjólum sem um getur í 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 með aðskildum hætti í ETAES-kerfið á grundvelli eðlis þeirra og stöðu, ef við á.
- 7) Að teknu tilliti til þess að ETAES-kerfið er, í núverandi útgáfu, samskiptatæki fyrir samvinnu aðildarríkjanna á sviði stjórnsýslu, sem er ekki opið almenningi, er nauðsynlegt að samræma snið og efni skráanna, sem um getur í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, til að tryggja að viðeigandi upplýsingar séu gerðar aðgengilegar almenningi.
- 8) Samkvæmt þeim valdheimildum sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 eru settar fram kröfur um notkun á sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta varðandi ESB-gerðarviðurkenningar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og fyrir kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru fyrir slík ökutæki. Þar sem þessar valdheimildir eru nátengdar efnislega ætti að steypa þeim saman að því er varðar þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2022, EES L 404, 2.12.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2018, EES L 151, 14.6.2018, bls. 1.

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sameiginlegt öruggt kerfi til rafræna upplýsingaskipta

Nota skal evrópska upplýsingaskiptakerfið vegna gerðarviðurkenninga („ETAES-kerfið“) sem sameiginlega örugga kerfið til rafræna upplýsingaskipta sem um getur í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

2. gr.

Öryggisráðstafanir

Til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang ber að gera eftirfarandi öryggisráðstafanir fyrir ETAES-kerfið:

- samskipti milli notanda ETAES-kerfisins og vefsvæðis ETAES-kerfisins skulu dulkóðuð með því að nota HTTPS-samskiptareglu með SSL-skírteini (e. *Secure Sockets Layer*),
- veföryggi, sem kemur í veg fyrir að árásaðilar dæli inn forskrift vaframegin á vefsíðuna (vefsíðurnar) og noti mörg lög til að plata notanda til að ýta á hnapp eða hlekk á aðra vefsíðu,
- aðgangsstýrikerfi með fínstilltum heimildum (e. *fine grained access control system*), sem gerir kleift að veita samþykktum aðilum lestrar- eða ritheimildir.

3. gr.

Ferli fyrir skipti á upplýsingum um gerðarviðurkenningar

1. Þegar viðurkenningaryfirvaldið upplýsir önnur yfirvöld um veitingu ESB-gerðarviðurkenninga eða um breytingar, synjanir og afturkallanir þeirra, skv. 1. og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, skal það búa til færslu í ETAES-kerfinu sem inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- aðkennisnúmer aðildarríkisins sem gaf út ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið í samræmi við lið 2.1 í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 ⁽²⁾,
- númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins ⁽³⁾,
- dagsetningu viðurkenningar fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið,
- heiti tækniþjónustunnar sem ber ábyrgð á að framkvæma prófin, eftir atvikum ⁽⁴⁾,
- heiti framleiðanda,
- gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar samkvæmt upplýsingum framleiðanda í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu,
- ökutækjaflokkinn skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, eftir atvikum,
- þá reglugerð sem gildir um fullbúið ökutæki, kerfi, aðskilda tæknieiningu eða íhlut sem hlotið hafa ESB-gerðarviðurkenningu,
- stöðu ESB-gerðarviðurkenningarinnar: „veitt“ (e. *granted*), „breytt“ (e. *amended*), „synjuð“ (e. *refused*) eða „afturkölluð“ (e. *withdrawn*),
- tilvísun í ESB-gerðarviðurkenningu til ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 frá 15. apríl 2020 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar stjórnáskilgæfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjttð. ESB L 163, 26.5.2020, bls. 1).

⁽³⁾ Ef ESB-gerðarviðurkenningunni hefur verið synjað og viðurkenningaryfirvaldið hefur ekki tekið frá númer fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið, skal viðurkenningaryfirvaldið nota flipann NEWS í ETAES-kerfinu til að upplýsa viðurkenningaryfirvöldin í hinum aðildarríkjunum um synjun þess.

⁽⁴⁾ Viðurkenningaryfirvaldið skal fylla út „á ekki við“ ef um er að ræða gerðarviðurkenningu í áföngum ef viðurkenningaryfirvaldið safnar saman öllum ESB-gerðarviðurkenningarvottorðum eða SP-gerðarviðurkenningarvottorðum og þetta yfirvald hefur breytt lokaútgáfu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins fyrir fullbúin ökutæki.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. skal viðurkenningaryfirvaldið einnig hala upp í ETAES-kerfið eftirfarandi skjölum með aðskildum hætti á rafrænu, leitarbæru sniði:
- a) afriti af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu með merkingunni „CERT“, þar á eftir kemur númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins ⁽⁵⁾ ⁽⁶⁾,
 - b) þeim upplýsingum sem fylgja skulu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu sem um getur í a-, c-, og d-lið 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 með merkingunni „IF“, þar á eftir kemur númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins ⁽⁷⁾,
 - c) prófunarskýrslunni og/eða blaðinu með prófunarniðurstöðunum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, með merkingunni „TR“, þar á eftir kemur númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins ⁽⁸⁾,
 - d) öllum skjölum öðrum en þeim sem nefnd eru í a-, b- og c-lið með merkingunni „OTHER“, þar á eftir kemur númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins ⁽⁹⁾.
3. Ef upphalið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, felur í sér að hala þurfi upp mörgum skjölum skal viðbótarraðtala, sem hefst á 1, fylgja þeim merkingum sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið 2. mgr. þessarar greinar ⁽¹⁰⁾.
4. Ef skjölum er breytt við endurskoðun, eins og kveðið er á um í 34. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, skal merkingin „Rev.“ og tveggja tölustafa raðtala, sem hefst á 01, koma á eftir merkingunum sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og d-lið 2. mgr. þessarar greinar ⁽¹¹⁾.

4. gr.

Skrá yfir ESB-gerðarviðurkenningar

1. Þegar aðildarríki gerir skrárnar yfir ESB-gerðarviðurkenningar og tækniþjónustur, sem um getur í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, aðgengilegar almenningi gegnum ETAES-kerfið skulu skrárnar vera á stöðluðu leitarbæru sniði. Aðildarríkin skulu uppfæra þessar skrár.
2. Eftirfarandi upplýsingar skulu vera hluti af skránni/skránum sem um getur í 1. mgr.:
 - a) auðkennisnúmer aðildarríkisins sem gaf út ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið í samræmi við lið 2.1 í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683,
 - b) númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins,
 - c) staða ESB-gerðarviðurkenningarinnar: „veitt“ (e. *granted*), „breytt“ (e. *amended*), „synjuð“ (e. *refused*) eða „afturkölluð“ (e. *withdrawn*),
 - d) heiti tækniþjónustunnar sem ber ábyrgð á að framkvæma prófin, eftir atvikum,
 - e) dagsetning viðurkenningar fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið,
3. Birta má skrá yfir ESB-gerðarviðurkenningar og tækniþjónustur sem um getur í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

5. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁵⁾ Dæmi: „CERT e1*2018/858*00001*00“.

⁽⁶⁾ Ef ESB-gerðarviðurkenningunni hefur verið synjað og viðurkenningaryfirvaldið hefur ekki tekið frá númer fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið, skal viðurkenningaryfirvaldið nota flípann NEWS í ETAES-kerfinu til að upplýsa viðurkenningaryfirvöldin í hinum aðildarríkjunum um synjun þess.

⁽⁷⁾ Dæmi: „IF e4*2018/858*00004*02“.

⁽⁸⁾ Dæmi: „TR e24*2018/858*00001*00“.

⁽⁹⁾ Dæmi: „OTHER e1*2018/858*00001*00“.

⁽¹⁰⁾ Dæmi: „IF1 e9*2018/858*00001*00“, „IF2 e9*2018/858*00001*00“, o.s.frv.

⁽¹¹⁾ Dæmi: „CERT e5*2018/858*00001*00 Rev.01“.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
